

**Nd.**

**274. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á hluta prestssetursins Hólma í Reyðarfirði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála meiri hluta allsherjarnefndar um þá afgreiðslu á máli þessu, er hann leggur til á þingskj. 202. Liggja til þess ýmsar ástæður.

Í fyrsta lagi tel jeg það mjög varhugavert að taka stórar lendum frá jörðum og selja þær. Með því fyrirkomulagi getur í mörgum tilfellum verið gengið svo nærri viðkomandi jörðum, að þær þar fyrir verði miður byggilegar, nema svo standi á, að land jarðarinnar sje svo stórt og nytjalitið fyrir hana, að hún geti undir öllum kringumstæðum án þess verið, eða liggi í þeirri fjarlægð, að ónothæft sje fyrir þá jörð, er það heyrir undir. Að um neitt slikt sje hjer að ræða, virðist ekki til að dreifa. Aftur á móti er hvorki farið fram á meira nje minna en sölu á öllu landi viðkomandi jarðar á annan veginn, og það svo freklega, að ekki er staðar numið fyr en við túngarðinn á prestssetrinu.

Í öðru lagi tel jeg málið alls ekki hafa fengið þann æskilega og nauðsynlega undirbúning, sem vænta mætti, að nauðsynlegt væri, þegar um jafnbýðingarmikla sölu er að tala og hjer á sjer stað. T. d. er mjer kunnugt um

það, að alls ekki hefir verið leitað umsagnar hreppsþúa eða hreppsnefndar þess hrepps, er jörðin Hólmar liggur í. Vera má, að lagalegur rjettur þeirrar sveitar sje ekki fyrir borð borinn, þó umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar hafi ekki verið leitað. Því er þó tæplega hægt að neita, að slíkt hefði verið mjög æskilegt, ef ekki sjálfsagt. Því þó svo kunni að vera, að eins og stendur hafi það ekki fjárhagslega þýðingu fyrir viðkomandi hrepp, að landsspilda þessi væri seld til annars hreppsþjelags, er ekki hægt að segja neitt um það nú, hvort ekki mundi síðar koma í ljós, að misráðið hefði verið að selja, með tilliti til hagsmuna Reyðarfjarðarhrepps. Í því sambandi leyfi jeg mjer að fullyrða það, að íbúar Reyðarfjarðarhrepps eru mjög á móti sölunni.

Meiri hluti allsherjarnefndar tekur það fram í niðurlagi síns nefndarálits, að biskup sje á móti sölunni. Þetta er alveg rjett, enda það eina í álitu háttv. meiri hluta, sem er fullkomlega sannleikanum samkvæmt. En þar sem háttv. deild eru ekki ljós rök þau, sem fram eru sett í brjefi biskups til nefndarinnar, þó háttv. meiri hluti kannist við, að hann leggi á móti sölunni, leyfi jeg mjer að birta hjer brjef biskups, og vænti jeg, að háttv. deild kunni að meta rök þau, sem í því eru, betur en háttv. meiri hluti nefndarinnar virðist hafa gert.

## BISKUPINN YFIR ÍSLANDI.

Reykjavík, 18. mars 1929.

Allsherjarnefnd neðri deildar hefir sent mjer frumvarp til laga um sölu á nokkrum hluta prestssetursins Hólma í Reyðarfirði, og óskað álits míns um frumvarpið.

Flutningsmaður frumvarps þessa átti fyrir nokkru síðan tal við mig um efni þetta, og mun jeg þá, að lítt athuguðu málinu, hafa gefið í skyn, að jeg mundi ef til vill geta sætt mig við, að Eskifjarðarkaupstaður fengi kaup á nokkrum hluta af landi Hólma-prestsseturs. En eftir að jeg nú hefi athugað málið nánar, þá horfir málið mjög svo öðruvísi við mjer, og þykist jeg eftir þá athugun sjá ýmsa agnúa á frumvarpi þessu, sem gera að verkum, að jeg get ekki óskað nje mælt með því, að málið nái fram að ganga eins og það liggur fyrir í frumvarpinu.

Jeg skil vel, að kaupstað eins og Eskifirði sje ágirnd á að eignast land til landnáms, ræktar og beitar fyrir íbúa kaupstaðarins, sjerstaklega í beinu framhaldi af landi því, sem kaupstaðurinn stendur á. En hjer er ekki um neitt slíkt að ræða. Hjer er seilst yfir ekki minna en sjórar jarðir, þær er næst liggja kaupstaðnum að vestanverðu (Eskifjörð, Eskifjardarsel, Bleiksá og Borgir), — og hjer er meira að segja seilst inn í annað hreppsþjelag til þess að ná kaupum á landi handa kaupstaðnum. Það sem í frumvarpinu er kallað »nokkur hluti« prestssetursins Hólma, reynist mjer, að því er jeg frekast fæ sjeð, að vera *meira* en helmingur alls staðarlandsins; því að það, sem beðið er um handa Eskifjarðarþreppi, er: sá hluti Hólmalands, sem liggur norðan við Hólmaháls, ásamt Hólmanesi og öllu því landi, sem liggur austan túns á Hólumum milli fjalls og fjöru. Jeg sje ekki betur en að hjer sje um að ræða

meira en helming Hólmalands, og það fast heim að túni á Hólmum, svo að ekki verður eftir annað af Hólmalandi en staðartúnið og landið milli Hólma og Sómastaða eða Sómastadagerðis. M. ö. o. það, sem falast er eftir kaupum á, er meginhlutinn af öllu beitilandi prestssetursins. Með sölu þess mundi þeim presti, sem á Hólmum situr, vera gerðar ærið þungar búsigfjar. Þegar í greinargerðinni segir, að land þetta »virðist nytjalitið orðið fyrir ábúanda Hólma, síðan hætt var sauðrækt og fráfarum« og »ekki sjáanlegt að Hólmaprestur *missi mikils* í«, þótt landið verði selt, þá er til þess því að svara, að það, sem »virðist« nú vera og ekki er »sjáanlegt« nú, eins og allar ástæður eru í bili, sannar ekkert um ókominn tíma. Svo gæti farið að það, áður en varir, yrði öllum augljóst, sem vilja sjá það, að með sölu þessa lands undan Hólmum hefði hinn fornfrægi staður fengið svo mikinn skell, að hann biði þess aldrei bætur. Í frumvarpinu er »varpland staðarins« að vísu undantekið sölunni. En þar sem varphólmar staðarins (og einn þeirra er, að því er jeg hefi fyrir satt, landfastur) liggja fram undan því landi, sem falast er eftir, og eru meira að segja í hvarfi heiman frá prestssetrinu, er jeg hræddur um, að þeirra saga væri fljótt úti sem varphólma, þegar Eskfirðingar hefðu fengið eignarrjett á þessu landi öllu út með »firðinum til landnáms, ræktar og beitara«. Jeg er hræddur um, að varpið mundi fljótt spillast og hverfa við það nágrenni, sem það fengi við sölu landsins.

Þar sem segir svo í upphafi 1. gr. frumvarpsins: »Að fengnu samþykki sóknarprestisins skal o. s. frv.« þykir mjer rjett að setja hjer kafla úr brjefi sóknarprestisins dags. 2. þ. m., sem sýnir afstöðu hans til þessa máls:

»Viðvikjandi kaupum húseigna minna á Hólmum hefir það gerst síðan jeg ritaði yður, að hreppsbúar á Eskfirði komu saman á miklum fundi til að ræða um tilboð það, er jeg tjáði yður í fyrra brjefi minu og hreppsnefndin í Eskifjarðarhreppi hafði lagt fast að mjer að gera um sölu á húsum, en leigu á Hólmum. Fundurinn tók því vel að kaupa húsin, en því aðeins að hann fengi kauprjett á jörðinni og ákvað að fela oddvita sinum, að leitast fyrir um þann mögulegleika. Jeg var staddur á fundinum og tjáði þeim, að það mál væri svo óundirbúið enn, að það gæti alls ekki komið til mála eins og nú stæði. Og jafnvel þó jeg sjái ekki, að neinn sjerstakur hagur sje að því að reka hjer stórbúskap með prestskap, er jeg að svo komnu máli alls ekki við því búinn að sleppa jörðinni. . . . Jeg geri því ráð fyrir, að á enda sje bundið um kaup og leigu milli mín og Eskfirðinga«.

Til frekari skýringar á þessum brjefkafla skal þess getið, að það, sem komið hefir hreyfingu á þetta mál, er að prestinum á Hólmum hafði komið til hugar að leigja kaupstaðnum afnot prestssetursjarðarinnar allrar gegn því, að hann (kaupstaðurinn) keypti af sjer öll þau hús, sem presturinn á þar á staðnum, gáandi ekki að því, að slíkt er með öllu óleyfileg meðferð á húsum á prestssetursjörð, enda þótt prestur eigi þau sjálfur. En áður en presturinn hafði fengið bendingu frá mjer um, að slíkt væri óheimilt, þá gekk ofanefndur fundur á móti húsakaupum nema því aðeins að hreppurinn fengi *alla* jörðina keypta. En frumvarp þar að lútandi vildi flutningsmaður ekki bera fram og hefir í þess stað komið fram með það frumvarp, sem hjer liggur fyrir um

kaup á nokkrum hluta af landi Hólma. Hvort það er gert fyrir tilmæli hreppsins, veit jeg ekki. En um hitt þykist jeg sannfærður, að það sje alls ekki samkvæmt vilja eða ósk sóknarprestsins, því að honum datt aldrei í hug annað en að *leigja* Hólmana, ef að því kæmi, að honum þætti æskilegra að flytja í kaupstaðinn. Mjer þætti enda sennilegast, að presturinn væri algerlega mótfallinn frumvarpinu eins og það liggur fyrir.

Að öllu þessu athuguðu get jeg ekki annað en lagt á móti því, að frumvarp þetta nái fram að ganga, og treysti því fastlega, að allsherjarnefnd, er hún hefir athugað alla málavexti, verði mjer samdóma um, að málið eigi ekki að ganga fram, enda engan veginn svo undirbúið, að rjett sje að bera það fram.

Jón Helgason.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Að öllum málavöxtum athuguðum legg jeg því til, að háttvirt deild afgreiði málið með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að mál þetta virðist að ýmsu leyti ekki nægilega undirbúið, enda eindregin mótmæli frá ýmsum aðiljum fram komin gegn sölunni, virðist deildinni ekki ástæða til að samþykkja lög um þetta efni að svo vöxnu máli, og tekur hún því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. apríl 1929.

Hákon J. Kristófersson.